

## Fréttabréf Skýjaborgar

### Nýtt kennimerki

Í byrjun september var nýtt kennimerki fyrir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar tekið í notkun. En Anna Kristín Ólafsdóttir foreldri í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar hannaði merkið í samstarfi Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar. Við erum stolt af þessari fallegu hönnun sem fangar samstöðu sviðanna ásamt því að sýna sérstöðu hvors sviðs fyrir sig. En kennimerkið er eitt fyrir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skiptist svo í tvennt, sjá á meðfylgjandi mynd.



### September - Ég sjálfur / líkaminn / tilfinningar

Í september var unnið með þemun *Ég sjálfur / líkaminn / tilfinningar*. Sungin voru lög og æfðar þulur í tengslum við þemað ásamt öðrum verkefnum.

### Lubbi

Lubbastundir fóru af stað í september eftir sumarfrí og verða í allan vetur. Lubbi bangsinn fer í helgarleyfi heim með barni og er þetta skemmtilegt samvinnuverkefni á milli heimilis og skóla. Að helgi lokinni skrifa foreldrar hvað Lubbi og barnið gerðu saman um helgina og setja inn myndir.

### Dagur læsis

8. sept. var dagur læsis og voru þá bækur sérstaklega velkomnar í leikskólann. Fjöldi bóka var lesinn og þær skoðaðar í litlum hópum. Bækur eru velkomnar í leikskólann alla daga og er gaman að sjá þær bækur sem börnin lesa heima og hafa yndi af.

### Skipulagsdagur og kynningarfundir

18. september var skipulagsdagur og nýtti starfsfólk hann í undirbúning vetrarstarfs og fékk erindi um líkamsbeitingu. 19. og 20. september héldu

Nóvember 2023

deildarstjórar kynningarfundir fyrir foreldra/forráðamenn. Vel var sótt og þökkum við foreldrum/forráðamönnum kærlega fyrir komuna og vonumst til að þetta hafi verið gagnlegir fundir.

### **Október - Litir / haust**

Í október fluttust tvö börn af Dropanum yfir á Regnbogann. Árgangar 2020 og 2021 eru í sérstaklega mikilli samvinnu á milli deilda og þau sem eru á Dropanum fara mikið í heimsókn yfir á stóru deildina, Regnbogann. Þema októbermánaðar var *Litir / haust*. Við höfðum litavikur, t.d. var boðið upp grænan smoothie í grænni viku og mættu margir í grænum fötum. Farið var göngu og tínd laufblauð, sem voru þurrkuð og gerð listaverk úr þeim.

### **Rýmingaræfing**

Á einum rigningardegi í október æfðum við okkur í að rýma leikskólann. Siggí slökkviliðsmaður kom, setti brunakerfið í gang og fylgdist með rýmingunni. Rætt var við börnin fyrir æfinguna og ákváðu börnin á Regnboganum að taka kjarkæfingu og fara úr sokkunum og fara út í rigninguna á tánum. Ákveðið var hins vegar að fara ekki með 1-2 ára börnin á Dropanum út í úrhellið, heldur söfnuðust þau saman í forstofunni. Rýmingaræfingin gekk vel og tók mjög stuttan tíma að rýma leikskólann.



### **Umferðarvika**

16.-20. október var umferðarvika. Þá var ýmiss konar umferðarfræðsla og unnin verkefni. Innipúkinn kom í heimsókn ásamt krökkunum í Kátugötu. Nú höfum við einnig í fyrsta skipti getað farið í göngutúr og æft okkur að ganga yfir gangbraut, en fyrsta gangbraut Melahverfis kom í sumar og fögnum við því.

Nóvember 2023

## Skólasamstarf



Skólasamstarfið á milli Skýjaborgar og Heiðarskóla hófst formlega með heimsókn 1. bekkjar í Skýjaborg í lok september. Um miðjan október fór elsti árgangur Skýjaborgar; krókódílahópur, og 1. bekkur í sameiginlega vettvangsferð í Álfholtsskóg. Vegna Kvennafrídagsins 24. okt. féll svo niður fyrsta heimsókn elsta árgangs. En alla jafna fer elsti árgangur í 6 skólaheimsóknir í

Heiðarskóla á hvorri önn. Börnin byrja allar heimsóknirnar í Heiðarborg, á ípróttatíma á haustönn og sundtíma á vorönn. Svo er farið yfir í Heiðarskóla og gerð fjölbreytt verkefni og leikið með það að markmiði að börnin verði örugg í skólaumhverfinu. Skólasamstarfið tókst ljómandi vel nú á haustönn.

### Nóvember - Föt / krummi / jólagjafir

Í nóvember var þemað föt / krummi og jólagjafir. Uppstoppaður krummi kom í heimsókn til okkar frá Heiðarskóla við mikla lukku barnanna. Gerð voru ýmis verkefni sem tengjast krumma og æfðu yngri börnin sig í að þekkja fataheiti. Einnig útbjuggu börnin jólagjafir til foreldra sinna sem verður spennandi að sjá hvað verður.

### Dagur íslenskrar tungu

Það er margt að gerast hjá okkur í kringum Dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember. Þann 15. nóvember kom 3. bekkur í heimsókn og las fyrir leikskólabörnin og tókst það ljómandi vel hjá þeim. 16. nóvember kom Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur og las upp úr bók sem hún er ekki búin að gefa út. Sagan var mjög skemmtileg og bíðum við spennt eftir útgáfu. Börnin okkar í Skýjaborg eiga sérstakt hrós skilið fyrir að vera góðir hlustendur hjá gestum okkar. Lubbi sem er að hjálpa okkur að læra öll íslensku málhjóðin á líka afmæli á degi íslenskrar tungu. Hann fékk kórónu og sungið var fyrir hann.

